

Nd.

5. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landssmiðjuna.

(Lagt fyrir Alþingi á 65. löggjafarþingi, 1946.)

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landssmiðjuna allt að 1500000 króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landssmiðjuna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að Landssmiðjan hafi orðið að leggja stórfé í húsakynni handa smiðjunni, sem hafi verið orðin með öltu óviðunandi. Enn fremur hafi hún orðið að kaupa dýra lóð undir húsið og athafnasvæði smiðjunnar. Loks hafi hún, einkum vegna hátasmiða fyrir ríkið, orðið að reisa dýra bátasmiðastöð við Elliðaárvog, auk þess sem hún verði jafnan að hafa fyrirbyggjandi ýmislegt smiðaefni fyrir mörg hundruð þúsundir króna. Þar sem smiðjan þannig hafi orðið að festa mjög mikið fé, sé hún erfiðlega sett með rekstrarfé og ekki annað fært en að veita henni ríkisábyrgð fyrir láni í því skyni, sem muni verða að nema 1500000 krónum. Hefur ráðherrann farið fram á, að veitt verði heimild handa ríkisstjórninni til þessarar ábyrgðar með bráðabirgðalögum.

Með því að ég fellst á, að ekki verði hjá því komizt að veita þessa ríkisábyrgð, set ég samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landssmiðjuna allt að 1500000 króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík. 14. maí 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.